



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Reykjavík, 28. janúar 2016

Til trúnaðarmanna KÍ og formanna svæða- og félagsdeilda aðildarfélaga KÍ
Efni: Bréf Skólamálaráðs KÍ um umræðuhefti um menntamál

Kæru trúnaðarmenn og formenn!

Tilgangur þessa bréfs er að óska eftir að þið vekid athygli á umræðuhefti um menntamál í ykkar skóla/svæða- og félagsdeild og stuðlið að umræðum og umfjöllun um það.

Eins og kemur fram í formála að heftinu er því ætlað að vera til íhugunar fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnendur um menntun og velferð barna og ungmenna og íslenskt menntakerfi, framlag til faglegrar umræðu og stuðningur við hana.

Tilfnið er stefna í menntamálum hér á landi eins og hún birtist í hvítbók menntamálaráðherra um umbætur í menntun, tillögum um aðgerðir og ákvörðunum um framkvæmd.

Hvernig getur íslenskt menntakerfi veitt börnum og ungu fólki sem besta menntun og velferð fyrir lífið? Í hvaða átt þarf íslenskt menntakerfi að þróast og hvernig? Hvert er hlutverk skólafólks og kennarasamtakanna í þeirri þróun og hvernig? Á hvaða vegferð erum við í menntamálum? Hvaða útlínur má greina? Eru þær til framdráttar menntun, velferð og skólastarfi?

Vekid athygli á þessu bréfi og heftinu með þeim hætti sem þið teljið best, t.d. að koma því fyrir á áberandi stað á kennarastofum/auglýsingatöflum, taka það upp undir öðrum málum á kennarafundi/starfsmannafundi, eða með sérstökum tölvupóstum til kennara í skólanum og innan svæða- og félagsdeilda.

Hvetjið kennara til að kynna sér efnið, íhuga og ræða kosti og galla í samhengi við menntun og velferð barna og ungs fólks, kennslu og skólastarfið, t.d. á fagfundum í skólanum, kennara- eða starfsmannafundum og á fundum í svæða- og félagsdeildum. Þetta mætti t.d. undirbúa þannig að kennarar skipti efninu á milli sín áður en það er tekið til umræðu og umfjöllunar. Bent er á að hægt er að byrja á spurningunum sem varpað er fram hér að ofan áður en lengra er haldið.

Umræðu og umfjöllun má dreifa yfir lengri tíma því við gerum ráð fyrir að taka tiltekna efnisþætti í heftinu sérstaklega fyrir og senda út með vissu millibili.

Skólamálaráð hvetur trúnaðarmenn og formenn til að stuðla að umræðum og umfjöllun um efnið og við fögnum öllum ábendingum, pistlum og þönkum sem berast. Pistlar sem berast verða birtir í miðlum KÍ.

Með félagskveðju og þökkum fyrir aðstoðina.

F.h. Skólamálaráðs Kennarasambands Íslands
Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður
adalheidur@ki.is